# Málefni og bréf til bæjarverkfræðings 1908-1920

Aðfnr. 1679, örk 18

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

30.0
/1906

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Bæjarfógetinn í Reykjavík~~
Formaður bæjarstjórnarinnar
Reykjavík 23 d. júní 1906.

Bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum 21. þ.m. að breikka og laga því að eins Þingholtsstræti norðan við Amtmannsstíg, að lóðareigendur þar, er taka þarf til vegarins af lóðum Gutenbergs og fröken Gunnþórunnar Halldórsdóttur, fáist fyrir 3 Kr. feralin.–

Ennfremur samþykkti bæjarstjórnin á sama fundi tillögu veganefndar um að leggja nýja götu milli Njálsgötu og Skólavörðustígs í sumar og veitti til þess um 1000 kr. –

Enn var eptir tillögum veganefndar samþykkt að taka þessum tilboðum um lóðasölu undir veg frá Skólavörðustíg til suðurs jafnhliða Bergstaðastræti:

Frá Sveini Sveinssyni fyrv. næturverði 1 Kr. feral.
" Eyvindi Árnasyni snikkara 0.50 a. — "
af Heilmannslóð, en 0.75 a af ræktuðum kálgarði samastaðar.

Loks var eptir tillögum sömu nefndar ákveðið að verja til aðgjörðar Vesturgötu austast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þjé því, sem veitt hefur verið af vegafjé bæjarins þ. á. til rennulagningar í götunni. —
Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari framkvæmda. —

Jón Magnússon
settur

Herra verkfræðingur Knud Zimsen
Reykjavík. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vjer undir skrifadir leifum oss hjer med, ad bidja hina heidrudu Veganemd, ad láta bera ofani Odinsgötu og setja Ljósker med henni eftir þörfum vid fyrsta tækifæri.

Virdíngarfylst

Reykjavík 15/11 – 06

Eyv. Árnasen

Gudrún Þorsteinsson

Hrólf. Pjetursson

J W Heilmann

Sveinn Steinsson

Árni Jónsson

Gudm. Gudmundsson

1 Lukt

Til Veganemdar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki tekið til greina

Vísað til veganefndar
JM

Vjer undirritaðir, sem búum við Hverfisgötu, leyfum oss hjer með að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn að lögð verði gangstjett og gjörð renna að norðanverðu við nefnda götu frá Vatnsstíg og inneptir. Ástæðan til þessarar málaleitunar vorrar er sú að fyrir oss eru afar mikil óþægindi að því að gangstjettina og rennuna vantar því bæði er illt að komast af götunni í húsin og þegar nokkur leysing kemur þá er allt í kafi í vatni sem streymir af götunni og kemur að nokkru leyti ofan frá Laugavegi. – Er það von vor að bæjarstjórnin gjöri sem allra fyrst ráðstafanir til þess að bæta úr þessu, því eins og ástandið er nú hefur það bæði mjög mikil óþægindi og talsverðan skaða í för með sjer fyrir oss. – Sjái bæjarstjórnin sjer eigi fært að leggja gangstjettina, nú hið allra bráðasta þá væntum vjer þess þó að bætt verði úr vatnsrennslinu á einhvern hepsilegan hátt.

Reykjavík maí 1906
Virðingarfyllst

Ejenum

Herbert Sigmundsson
Jón Sigurðsson
Stefán Jónsson
N. Bartels

Elín Erlindsdóttir
Ágúst Rögnvaldsson

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(Elin Erlindsdóttir)

Einar Sigurðsson

Jón Árnason

Ármann Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki tekið til greina

Vjer undirritaðir húseigendur við Spítalastíg viljum hjer með flytja
þá beiðni okkar til hinnar heiðruðu bæjarstjórnar í Reykjavík, að
hún gjöri ráðstöfun til þess að nú á komandi vori verði Spítala-
stígur eitthvað lagaður frá því sem hann er nú.
Eins og bæjarstjórninni er kunnugt, er Spítalastígur einn af þeim
stígum bæjarins, sem lítið hefur verið lagaður nú síðustu árin og
er þess þó sannarlega þörf þar, sem hann er bæði brattur og klapp-
irnar meðfram honum hafa eigi verið sprengdar, og því er hann sum-
staðar mjög ósljettur og óþægilegt að ganga á honum á sumrin en á
vetrum er opt hálkan sem gjörir hann illan yfirferðar, svo er
einnig á sumrin óþokkalegt við stíg þennan, af rigningarvatni
og skolpi sem að honum rennur og eigi hefur framrás en sest í
polla og fúlnar eða svo leit stígurinn út í sumar sem leið, mjög
óþokkalegur opt og tíðum og bænum til lýta einkum af því útlendir
ferðamenn sem hjer komu þá og gengu um stíginn og veittu óþverr-
anum eptirtekt og drógu skop að, þrifnaðinum á strætum bæjarins.
Ef hin heiðraða bæjarstjórn eigi sjer það fært, að láta endurbæta
Spítalastíg sem best, að þörf gjörist, nú á komandi vori og sumri, þá
er það beiðni okkar til hennar að ræsi verði að minnsta kosti lagt
öðru megin með stígnum, frá Bergstaðastíg og ofan í Þingholts-
stræti.

Reykjavík 9 marz 1906.

Bjarni Bjarnason
Halldór Þórðarson
Davíð Östlund
Stefán Kr. Bjarnason.
Páll Hinriksson
Hróbjartur Pjetursson skómak.
Jón Teitsson
Jörgen Þórðarson
Jón J. Illugason

Eiríkur Magnússon
Guðmundur Gíslason
Ólöf Þorsteinsdóttir
Lárus Pálsson
Sveinn Sveinsson
Jósep Jónsson incidentslager
Halldór Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.0
1907

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24/5

ÁSMUNDUR GESTSSON
REYKJAVÍK
ÍSLAND

Reykjavík 23 Mai 1907

Þar ed vart verdur ödruvísi álitid, en að forstofutröppurnar fyrir húsi mínu N° 2 við Laugaveg, sjeu til stórra óþæginda og óprýði, standandi svo langt fram á gangstjettina (Trottoir) þá hefir mjer komið til hugar, gegn því, að hinni háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur þóknaðist að veita mjer 75.⁰⁰ Kr - sjötíu og fim- úr bæjarsjóði, að bæta úr þessu, með því, að færa tröppurnar svo langt inn í fordyrið, sem hægt er, og mundu þær þá tiltölulega lítið standa fram úr dyrum hússins og alveg hverfa sá agnúi, er þær valda nú. Leyfi jeg mjer því hjermeð að leggja mál þetta og umsókn fram fyrir álit hinnar heiðruðu bæjarstjórnar, og vænti svars hið bráðasta.

Virðingarfyllst.

Ásmundur Gestsson

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/6

Reykjavík 31 maí 1907

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttv. Bæjarstjórn að henni mætti þóknast að hlutast til um, að lagður sje vegur heim að húsi mínu áframhald af Fischerssundi:

Þá lóð sem taka þarf undir veginn norðan við hús mitt læt jeg af hendi endurgjaldslaust til þess að vegurinn verði lagður sem fyrst. Einnig býð jeg fram uppí kostnaðinn við vegagjörðina Kr. 100 — eitthundrað krónur — en þó því aðeins að vegurinn verði lagður á þessu sumri.

Virðingarfyllst

Guðjón Jónsson járnsmiður

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.0
———
1908

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

J. P. T. BRYDES HANDEL.

Reykjavík, 5. ágúst 1908.

Herra verkfræðingur Sig. Thoroddsen,
Reykjavík!

Samkvæmt talsímalegu viðtali við yður í gær, hefi ég selt yður 70 tunnur af Tjöru (centrifugeret) sem eru væntanlegar hingað á tímabilinu frá 17. ágúst til 4. Sept. næstk. Verðið er Kr. 14,75 pr. tunnu hingað komnar á bryggju í landi og borgast þegar við móttöku.

Heiðraðs svars yðar þessu til samþykkis vænti ég hið fyrsta.

Virðingarfyllst

pr. J. P. T. Bryde's verzlun:
N. B. Nielsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

36.0
1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vér undirritaðir bændur í Vestur-bænum leyfum oss, að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn, að eigi verði hlaðið svo fyrir hina svo kölluðu Hliðar-húsavör, að eigi megi lenda þar á smábátum.

Ástæðan fyrir þessari beiðni vorri er aðallega sú, að á vorin stunda menn hér almennt hrognkelsaveiði og er þá erfitt að flytja þann afla langar leiðir þar sem nú er engin önnur lending fyrir báta á öllu svæðinu frá Grófinni og vestur fyrir Krinstein.

Vér vonum því að þessi beiðni vor verði tekin til greina.

Reykjavík 2 mars 1909.

Virðingarfyllst.

Ám. Ámundason. Sigurður Þórðarson

Jóhannes Zoëga. Ólafur Jónsson

Arngrímur Jónsson Jóhannes Hjartarson

Oddur Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermed leifir hreppsnefnd Seltjarnarnes-hrepps sjer, ad skora á háttvirta Veganefnd Reykjavíkurbæjar, ad bæta vegarkafla á framnesvegi í Kaplaskjóli; sem er ordin mjög illur yfirferdar, á hjerumbil 1-200 fdm. kafla, sökum vantandi ofaníburdar, æskilegt væri ad vegabót þessi yrdi framkvæmd sem allra fyrst, og þar sem gódur ofaníburdur liggur rjett vid hendina, þá getur þetta hvorki tekid mikid fje nje fyrirhöfn.

Melshúsi 22. Nov. 1909

Virdingarfyllst

af hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps

Til

Veganefndar Reykjavíkurbæjar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.0
1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13/12.

Hjermeð leyfum við okkur undirskrifaðir okkar vegna og annara sem búa við svonefndan „Rauðarárstíg" sem liggur innað „Sunnuhvoli" að skora á veganefnd bæjarins að sjá um að strax verði gjört við nefndan veg, sem nú er með öllu ófær til umferðar.

Reykjavík 13/12 1910.

Virðingarfyllst.

Pjetur Hjaltested  Böðvar Jónsson

Til

Veganefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.0
———
1911

Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rvík 18/12 1911

Vísast til bæjarverkfr. til framkvæmda ef nauðsyn þykir ástæða til. — Páll Einarsson

Háttvirti Borgarstjóri

Jeg undirritaður leifi mjer að fara þess á leit við yður að þjer vilduð svo vel gjöra og láta bera möl oní traðirnar sem liggja að Seli sjerstaklega fyrir framan húsið No 64 því það verður ekki nokkurt á fóstudaginn að komast þangað með líkvagninn (það á að jarða tengdamóðir mína)

Virðingarfyllst

Magnús Einarsson

Vesturgötu 64.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afgr. 29 júní 1911

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19. júni 1911 166

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að taka eignarnámi lóð undir framlengingu Fischerssunds frá Mjóstræti að Garðastræti og hefur byggingarnefndin ákveðið verð lóðarinnar til eignarnámsins kr. 1.25 fyrir hverja feralin.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra bæjarverkfræðingur, vænti jeg að þjer sjáið um að vegagjörð þessi verði framkvæmd hið fyrsta en veginn ætlar Gunnars kaupmaður Gunnarsson i Hafnarstræti 8 að gjöra á sinn kostnað undir umsjón yðar eins og hann lika borgar helminginn af andvirði lóðarinnar.-

Áður en byrjað verður á vegagjörðinni ber að tilkynna eigendum lóðarinnar um eignarnámið og verðið á lóðinni, og er lagt fyrir yður að gjöra það.-

Páll Einarsson.

til

bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.0
———
1912

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni Jóhannsson
bankaritari
Bjarka við Grundarstíg, Reykjavík

Reykjavík 19. okt. 1912.

Hr. bæjarverkfræðingur Benedikt Jónasson
Reykjavík.

Eg leyfi mér hér með virðingarfylst að biðja yður að annast um — ef yður er það mögulegt —, að gert verði nú hið allra fyrsta ofurlítið hér við Grundarstíginn, sem má heita al-ófær eins og hann er, einkum í rigningum, eins og nú hafa verið. Eg veit að þér sannfærist um þetta, ef þér komið og lítið á veginn. Hann hefir sem sé verið grafinn upp í köflum fyrir vatns- og gasæðar og er svo ójafn, forugur og með eðju-pyttum, svo að varla verður yfir komist þegar rignir. Það sem þyrfti að gera í bráð, er að aka á vegarspottann töluverðu af ofaníburði og jafna yfir.

Eg vona að þér takið þessa ósk mína til greina, að svo miklu leyti sem yður er unt, þótt eg beri hana fram einn fyrir þeirra hönd, sem hér eiga hlut að máli.

Virðingarfylst

Á. Jóhannsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.0
———
1914

Byjd-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21. april 1914.

256

Jeg sendi yður, herra bæjarverkfræðingur, hjer með erindi Guðmundar Guðmundssonar Grettisgötu 3 um skemmdir á girðingu kringum það hús og bið jeg yður að athuga hve mikið muni kosta að gjöra við girðingarnar og hvort notkun barnaleikvallarins þar hjá muni orsök i þeim skemmdum. Álit yðar ætlast jeg til, að lagt verði fyrir næsta veganefndarfund, sem haldinn verður mjög bráðlega.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.1
1914

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í vetrarbyrjun (²/11.) árið 1912 samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur að veita 525 kr. til að framlengja Sellandsstíg „frá Bræðraborgarstíg að Ástúni".

Á verki þessu var byrjað vorið eftir; en þá svo seint að fólk var farið að vinna í kálgörðum; og ~~sá~~ stefndi veginum einmitt á kálgarðsblett hjá nágranna mínum, Steindóri á Bjargi. Þau hjónin Steindór og kona hans munu hafa kvartað yfir því við þáverandi borgarstjóra engu síður en við mig, ef þau ætti að missa bæði garðinn og vinnu sína við hann því nýverið fyrir látið, - og þá sem veginum stefndi þess utan á þveran hjall hjá Bjarnabæ, varð það að þrint-samkomulagi milli mín og þáv. borgarstjóra að við bændur í Ás- og Hofs- ellyfslum ekki kvarta þótt brett væri við veginum í þetta sinn þegar hann var kominn c. miðja vegu.

Jeg hefi þagað síðan um þetta mál af hlífð við granna mína, sem nota fyrir burgaðs vegarstubb ýmist til fiskpakkanna eða Kartöflunekta, en vegna sívaxandi óþæginda af vegarleysinu að túnunum, sem Hof og Ás standa á, leyfi jeg mjer að biðja háttv. bæjarstjórn Reykjavíkur að láta leggja þenna vegspotta, sem eftir er austan að túnunum, sem allra fyrst, og framkvæma þannig til fulls þess 4 ára samþykkt.

Geta má þess að nýju er tjáð að Steindóri

Borgarstjórinn í Reykjavík 20/11 1916
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nágranna mínum á Bjargi- hefir verið ætlað að leggja veg frá Bræðraborgarstíg að húsi sínu, sem er fast við ~~garðinn~~ túngarð minn að kalla má, um leið og hann fjekk leyfi til að reisa hús sitt, en þar sem enginn hefir átalið að hann gerði það ekki og bæjarstjórn hefir síðan samþykkt að láta gera þenna veg á bæjarkostnað, eins og drepið er á hjer að framan, þá mun mega líta svo á að sú kvöð sje niður feld, enda tel jeg þess litla von að hann sje nú fær um að láta gera þenna veg.

Orðlengi jeg þetta ekki frekar en vona að háttv. bæjarstjórn telji málið sanngjarnt og taki því vel.

Rvík 20/11 1916

S. Á. Gíslason

Til bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarverkfræðingur beðinn gjöra áætlun um vegagerð
þá er að framan ræði um, svo og um lóðakaup til vegarins.

20/11 – 1916.

K. Zimsen.

BORGARSTJÓRINN
í
REYKJAVÍK

Athugist fyrir [illegible]

© Borgarskjalas

Haldór

Magnús (bróðir Sigfúsar) Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur